

Fimmtudaginn 1. október 1998.

Nr. 485/1997.

Lögmannafélag Íslands

(Tómas Jónsson hrl.)

gegn

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Ólafur Axelsson hrl.)

Greiðsla. Framsal. Lögmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. desember 1997. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.488.714 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 992.476 krónum frá 10. apríl 1992 til 15. janúar 1993, en af 1.488.714 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Málið á rætur að rekja til þess, að Aðalbjörn Steingrímsson varð fyrir slysi, þegar hann var staddur 17. maí 1985 í veitingahúsi í Reykjavík, sem rekið var af Fógetanum hf. Aðalbjörn höfðaði mál til heimtu bóta á hendur félaginu, og gekk dómur í því fyrir Hæstarétti 23. maí 1991, þar sem honum var dæmd 982.441 króna ásamt vöxtum og málskostnaði. Félagið hafði ábyrgðartryggingu vegna starfsemi sinnar hjá stefnda, og öðlaðist Aðalbjörn þannig kröfu á hendur honum með dóminum, sbr. 1. mgr. 95. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga. Hinn 14. júní 1991 mun stefndi hafa greitt þáverandi lögmanni Aðalbjörns, Guðnýju Höskuldsdóttur hæstaréttarlögmanni, alls 3.621.387 krónur sem fullnaðargreiðslu á kröfunni. Guðný stóð honum aðeins skil á 1.000.000 krónum af þeirri fjárhæð með tveimur greiðslum í júní og júlí 1991. Bú Guðnýjar var tekið til gjaldþrotaskipta 9. september sama árs, og fékk Aðalbjörn ekkert greitt upp í kröfu sína á hendur henni við skiptin.

Áfrýjandi greiddi Aðalbirni úr ábyrgðasjóði sínum hluta af kröfu

hans í tvennu lagi, annars vegar 992.476 krónur 10. apríl 1992 og hins vegar 496.238 krónur 15. janúar 1993. Í bæði skipti gaf Aðalbjörn samdægurs út yfirlýsingu um kröfuframsal, þar sem fyrrgreindum atvikum var að nokkru lýst og eftirfarandi meðal annars tekið fram: „Framsel ég ábyrgðasjóðnum kröfu mína á hendur Guðnýju Höskuldsdóttur að því marki, sem sjóðurinn bætir mér tjón mitt nú.“ Aðalbjörn höfðaði mál gegn stefnda 13. júní 1995 til heimtu upphaflegrar kröfu sinnar að frádregnum áðurnefndum greiðslum, sem hann hafði fengið úr hendi Guðnýjar og áfrýjanda. Sú málsókn var reist á því, að Guðný hefði ekki haft umboð frá Aðalbirni til að taka við greiðslu fyrir hans hönd frá stefnda. Kröfur Aðalbjörns voru teknar til greina með dómi í málinu, sem gekk í Héraðsdómi Reykjavíkur 3. apríl 1996, en hann var staðfestur með dómi Hæstaréttar 13. febrúar 1997.

Í máli þessu krefur áfrýjandi stefnda um greiðslu á fyrrnefndum fjárhæðum, alls 1.488.714 krónur, sem hann greiddi Aðalbirni úr ábyrgðasjóði sínum. Áfrýjandi reisir kröfu sína í meginatriðum á því, að Aðalbjörn hafi átt kröfu þessarar fjárhæðar á hendur stefnda, þegar hann fékk hana greidda úr ábyrgðasjóði áfrýjanda. Aðalbjörn hafi framselt áfrýjanda kröfu sína að þessu leyti, og gildi einu, hvort hún beinist að Guðnýju Höskuldsdóttur eða öðrum. Þetta hafi Aðalbjörn áréttað sérstaklega í yfirlýsingu 23. september 1996, þar sem meðal annars segir eftirfarandi: „Með framsali mínu framseldi ég öll réttindi, sem fylgdu þeim hluta kröfu minnar, hvort sem krafan var á hendur Guðnýju Höskuldsdóttur eða því tryggingafyrirtæki, sem greiðsluskýlt var. Með framsalinu var einnig framseldur réttur til þess að beina kröfunni að hverjum þeim aðila, sem greiðsluskýldur kunni að vera, og hef ég ekki á nokkurn hátt takmarkað, að hverjum hægt er að beina kröfunni.“

II.

Með fyrrnefndum dómi Hæstaréttar 13. febrúar 1997 var slegið föstu, að stefndi losnaði ekki undan skyldu sinni við Aðalbjörn Steingrímsson með greiðslu 14. júní 1991 til þáverandi lögmanns hans. Átti þetta jafnt við þann hluta af greiðslu stefnda, sem um ræddi í því máli, og þann hluta, sem fjallað er um í þessu máli. Þegar Aðalbjörn tók við greiðslum úr ábyrgðasjóði áfrýjanda, átti hann

þannig kröfu á hendur stefnda, sem þeim greiðslum svaraði. Aðalbjörn lét áður tilvitnaða yfirlýsingu 23. september 1996 frá sér fara, áður en áfrýjandi höfðaði þetta mál. Með henni eru tekin af öll tvímæli um, að Aðalbjörn framselji áfrýjanda kröfuna, sem sótt er í málinu. Í því ljósi er áfrýjandi nú réttur aðili til að krefja stefnda um greiðslu hennar.

Í yfirlýsingum Aðalbjörns Steingrímssonar 10. apríl 1992 og 15. janúar 1993 er þess aðeins getið, að hann framselji áfrýjanda þar greinda hluta kröfu sinnar á hendur Guðnýju Höskuldsdóttur. Stefndi hefur hins vegar ekki hnekkst þeirri staðhæfingu áfrýjanda, að á þeim tíma hafi ekki verið kunnugt um, að hugsanlega gæti sú krafa Aðalbjörns einnig beinst að öðrum. Stefndi hefur ekki sýnt fram á önnur atvik, sem leitt geti til þeirrar niðurstöðu, að orðalag umræddra yfirlýsinga verði skýrt þannig, að það hafi falið í sér eftirgjöf Aðalbjörns, sem nú bindi áfrýjanda, á rétti til að krefja stefnda um þessa hluta kröfunnar. Þá hefur stefndi ekki heldur fært haldbær rök fyrir því, að starfsemi ábyrgðasjóðs áfrýjanda sé með einhverjum þeim hætti, að girt sé fyrir, að hann eignist með greiðslu og framsali kröfu gegn öðrum en lögmanni.

Að gættu öllu framangreindu eru ekki efni til að fallast á kröfu stefnda um sýknu. Verða því kröfur áfrýjanda teknar til greina, þar á meðal um málskostnað, sem er ákveðinn í einu lagi í héraði og fyrir Hæstarétti, allt eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði áfrýjanda, Lögmannafélagi Íslands, 1.488.714 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 992.476 krónum frá 10. apríl 1992 til 15. janúar 1993, en af 1.488.714 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 6. október 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. september 1997 að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað af Lögmannafélagi Íslands vegna ábyrgðasjóðs fé-

lagsins, Álftramýri 9, Reykjavík, gegn Sjóvá-Almennum hf., Kringlunni 5, Reykjavík, með stefnu, birtri 24. október 1996.

Kröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.488.714 krónur auk dráttarvaxta af 992.476 krónum frá 10. apríl 1992 til 15. janúar 1993, en af 1.488.714 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þess er einnig krafist, að vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 10. apríl 1993. Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti að mati réttarins og að málskostnaður beri dráttarvexti frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Kröfur stefnda eru þær, að hann verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Málsatvik og ágreiningsefni.

Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 23. maí 1991, í málinu nr. 117/1988 var þrotabú Fógetans dæmt til að greiða Aðalbirni Steingrímssyni 982.441 krónu auk vaxta og málskostnaðar í skaðabætur vegna örorkutjóns, sem Aðalbjörn varð fyrir 17. maí 1985. Stefnda var stefnt til réttargæslu. Stefndi greiddi hina dæmdu fjárhæð, samtals 3.621.387 krónur, lögmanninum Guðnýju Höskuldsdóttur 14. júní 1991, en af henni skilaði Guðný Aðalbirni aðeins 1.000.000 króna. Aðalbjörn kærði háttsemi hennar til stefnanda 26. ágúst 1991. Guðný varð gjaldþrota 9. september 1991, og lauk skiptum á búi hennar, sem var eignalaust, 1. desember 1992.

10. apríl 1992 greiddi stefnandi Aðalbirni 992.476 krónur og 15. janúar 1993 til viðbótar 496.238 krónur. Samtals greiddi stefnandi Aðalbirni því 1.488.714 krónur, sem eru stefnufjárhæð þessa máls. Aðalbjörn framseldi stefnanda hluta af kröfu sinni á hendur Guðnýju, að fjárhæð 992.476 krónur, sama dag og hann fékk þá fjárhæð greidda úr hendi stefnanda, og 15. janúar 1993 framseldi hann hluta af kröfunni á hendur henni vegna viðbótargreiðslunnar, að fjárhæð 496.238 krónur.

Aðalbjörn höfðaði mál á hendur stefnda 13. júní 1995. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 3. apríl 1996, var stefndi dæmdur til að greiða Aðalbirni þá fjárhæð, sem á vantaði, til að stefnandi fengi greiddar fullar bætur samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 23. maí 1991. Í dóminum er tekið tillit til þeirra greiðslna, sem Aðalbjörn hafði fengið frá stefnanda, að fjárhæð 1.488.714 krónur. Rök fyrir dómsniðurstöðunni voru þau, að Guðný hefði ekki haft umboð til að taka við greiðslum fyrir hönd Aðalbjörns. Dómurinn var staðfestur með dómi Hæstaréttar 13. febrúar 1997.

Með yfirlýsingu Aðalbjörns, dags. 23. september 1996, lýsti hann yfir því, að hann hefði með framsali sínu til stefnanda framselt öll réttindi, sem hafi fylgt þeim hluta kröfu sinnar, hvort sem krafan hafi verið á hendur Guð-

nýju eða því tryggingafyrirtæki, sem hafi verið greiðsluskylt. Með framsalinu hafi einnig verið framseldur réttur til að beina kröfunni að hverjum þeim aðila, sem greiðsluskyldur kynni að vera, og hafi hann ekki á nokkurn hátt takmarkað, að hverjum væri hægt að beina kröfunni.

Af hálfu stefnanda var þess farið á leit í bréfi til stefnda 17. maí 1996, að stefndi greiddi stefnanda þá fjárhæð, sem næmi þeim hluta af kröfu Aðalbjörns, er Aðalbjörn hafði fengið greiddan úr hendi stefnanda og framselt honum. Jafnframt var óskað eftir afstöðu stefnda til kröfunnar. Í svari stefnda frá 18. júlí 1996 var kröfu stefnanda um greiðslu hafnað. Lögmaður stefnanda ritaði stefnda innheimtubréf 23. september 1996 og krafðist greiðslu á þeirri fjárhæð, sem stefnandi hafði greitt Aðalbirni, með vísan til þess, að Aðalbjörn hefði framselt stefnanda kröfu sína á hendur stefnda. Því var ekki sinnt af hálfu stefnda.

Ágreiningur í málinu lýtur m. a. að því, hvort krafa Aðalbjörns á hendur stefnda hafi verið framseld stefnanda með kröfuframsölum hans frá 10. apríl 1992 og 15. janúar 1993 og með yfirlýsingu hans frá 23. september 1996. Einnig er deilt um það, hvort dómur í máli Aðalbjörns gegn stefnda, sem kveðinn var upp 3. apríl 1996, verði lagður til grundvallar við úrlausn máls þessa.

Málsástæður og lagarök.

Krafa stefnanda er reist á því, að Guðný Höskuldsdóttir hafi ekki haft umboð frá Aðalbirni til þess að innheimta, taka við og kvitta fyrir greiðslu skaðabótanna fyrir hans hönd. Því hafi Aðalbjörn verið óbundinn af því uppgjöri, sem fram hafi farið á milli stefnda og Guðnýjar 14. júní 1991. Með uppgjörinu hafi stefndi því ekki fullnægt greiðsluskyldu sinni gagnvart Aðalbirni samkvæmt dóminum frá 23. maí sama ár. Stefndi hafi greitt bæturnar, án þess að fyrir lægi umboð til Guðnýjar um að taka við bótunum. Í því sambandi breyti engu, þótt Guðný hafi verið skipuð málflutningsmaður Aðalbjörns, þar sem slíkt umboð nái aðeins til málflutnings fyrir rétti, sbr. 4. gr. laga um málflytjendur nr. 61/1942. Af þessu leiði, að sú greiðsla, sem stefndi hafi innt af hendi 14. júní 1991, hljóti að vera algerlega á ábyrgð og áhættu stefnda.

Þá er af hálfu stefnanda vísað til þess, að með kröfuframsali Aðalbjörns til stefnanda hafi stefnandi öðlast sama rétt og Aðalbjörn hafi haft gagnvart stefnda að því marki, sem greiðslum stefnanda nam til Aðalbjörns. Kröfuframsöl séu dagsett 10. apríl 1992 og 15. janúar 1993, en samkvæmt þeim framselji Aðalbjörn stefnanda hluta af kröfu sinni á hendur Guðnýju. Með yfirlýsingu, dags. 23. september 1996, árétti Aðalbjörn, að með ofangreindum kröfuframsölum hafi hann framselt öll réttindi, sem fylgt hafi þeim

hluta kröfu hans, og gagnvart öllum þeim, sem hægt væri að beina kröfunni gegn. Framsalið hafi leitt til kröfuhafaskipta, og stefnandi sé nú eigandi kröfunnar. Hann hafi öðlast öll þau réttindi, sem framseljandi kröfunnar hafi átt. Við munnlegan málflutning var því mótmælt af hálfu stefnanda, að stefndi geti reist rétt á reglum ábyrgðasjóðs stefnanda með þeim hætti, sem stefndi geri í máltilbúnaði sínum.

Stefnandi miðar fjárhæð kröfunnar við greiðslur stefnanda til Aðalbjörns og kröfuframsöl hans. Dráttarvaxta er krafist frá þeim tíma, sem stefnandi hafi greitt Aðalbirni og hann hafi fengið framselda kröfu hans að hluta. Þar sem stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, er krafist virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Um aðgangsrétt stefnanda að stefnda vísar stefnandi til 1. mgr. 95. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga. Um greiðsluskyldu stefnda er vísað til sömu laga, einkum 24. gr. og 91.-96. gr. Þá er af hálfu stefnanda vísað til reglna samningaréttarins um umboð og til laga nr. 61/1942 um stöðumboð lögmanna. Um kröfuframsölin er vísað til reglna samninga- og kröfuréttar. Um dráttarvexti er vísað til 3. kafla laga nr. 25/1987, og að því er varðar kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun, er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum, að stefnandi hafi ekki öðlast kröfu á hendur sér með greiðslu til Aðalbjörns Steingrímssonar. Samkvæmt 4. gr. samþykktar Ábyrgðasjóðs Lögmannafélags Íslands sé markmið sjóðsins að gera félaginu kleift að bæta að hluta eða að öllu leyti tjón, sem skjólstæðingur lögmanns hafi orðið fyrir vegna fjárprots hans.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að dómur Hæstaréttar í málinu Aðalbjörn Steingrímsson gegn Sjóvá-Almennum tryggingum hf. hafi ekki fordæmisgildi í máli þessu. Í greindu hæstaréttarmáli hafi félagið, stefndi í máli þessu, verið dæmt til að greiða Aðalbirni þá fjárhæð, sem félagið hafði áður greitt Guðnýju Höskuldsdóttur, lögmanni hans, að frádregnum greiðslum frá stefnanda, en Guðný hafi ekki haft umboð Aðalbjörns til að taka við bótunum. Því er haldið fram, að hefði Guðný haft skriflegt umboð til þess að taka við fénu, hefði engu að síður komið til greiðslu úr ábyrgðasjóðnum. Það, að stefndi hafi greitt Guðnýju án skriflegs umboðs, geti ekki veitt stefnanda sjálfstæðan rétt. Stefnandi eigi ekki að vera betur settur en ella, vegna þess að stefndi hafi látið undir höfuð leggjast að fá umboð, sem aftur hafi orðið til þess, að hann hafi þurft að greiða Aðalbirni að nýju. Umboðsskorturinn hafi engu máli skipt um greiðsluskyldu sjóðsins.

Samþykktir ábyrgðasjóðsins geri ekki ráð fyrir, að sjóðurinn innheimti kröfur hjá öðrum en þeim lögmanni, sem hafi valdið tjóni. Greiðsla sjóðs-

ins leiði ekki til kröfuhafaskipta, enda hafi krafa á hendur stefnda ekki verið framseld sérstaklega. Með framsalinu hafi stefnandi aðeins öðlast rétt á hendur Guðnýju Höskuldsdóttur, en ekki á hendur stefnda. Við munnlegan málflutning var því sérstaklega andmælt af hálfu stefnda, að yfirlýsing Aðalbjörns, sem útbúin hafi verið síðar, hefði nokkurt gildi í málinu. Krafan á hendur Guðnýju annars vegar og krafan á hendur stefnda hins vegar væru ósamrættar kröfur. Engin skilyrði hafi verið fyrir því, að Aðalbjörn framseldi stefnanda kröfuna, en krafan hafi fallið niður með greiðslum, sem Aðalbjörn hafi fengið.

Pá er dráttarvaxtakröfu stefnanda mótmælt af hálfu stefnda.

Niðurstöður.

Krafa stefnanda í málinu er studd þeim rökum, að uppgjör stefnda við Guðnýju Höskuldsdóttur á bótum, sem Aðalbjörn Steingrímsson hafði fengið dóm fyrir, væri ekki skuldbindandi gagnvart Aðalbírni. Vísað er enn fremur til þess, að með dómi hafi verið staðfest, að stefndi hafi ekki fullnægt greiðsluskyldu sinni gagnvart Aðalbírni með greiðslu til Guðnýjar. Þetta beri að leggja til grundvallar í máli þessu. Þann hluta kröfunnar, sem stefnandi greiddi Aðalbírni, hafi Aðalbjörn framselt stefnanda. Við það hafi stefnandi öðlast allan þann rétt, er Aðalbjörn hafi haft gagnvart stefnda.

Staðhæfingar stefnanda um, að hann hafi fengið framseldan ákveðinn hluta af kröfu Aðalbjörns á hendur stefnda, þykja ekki studdar haldbærum rökum. Í framsalinu, sem stefnandi vísar til í því sambandi, þar sem hann framselur stefnanda kröfu sína á hendur Guðnýju Höskuldsdóttur, kemur ekkert fram um kröfuframsal til stefnanda. Verður ekki fallist á þau rök stefnanda, að yfirlýsingar Aðalbjörns nokkrum árum síðar breyti efnislegu innihaldi framsalsins, þannig, að með því hafi verið framseldar kröfur á aðra en framsalið kveður á um. Aðalbjörn hefur aldrei átt aðra kröfu á hendur stefnda en að fá greiðslu samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 23. janúar 1991. Þá greiðslu hefur hann fengið, annars vegar frá stefnanda vegna fjárþrots lögmanns og hins vegar úr hendi stefnda, vegna þess að lögmanninum voru greiddar bæturnar, án þess að lögmaðurinn hefði umboð til að taka við þeim. Þegar litið er til alls þessa, verður ekki séð, að stefnandi geti reist rétt á hendur stefnda á því, að hann hafi öðlast kröfu á hendur honum með framsali.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, og þegar litið er til málatilbúnaðar stefnanda og þess, sem fram hefur komið í málinu að öðru leyti, þykja ekki rök fyrir því, að stefnandi hafi öðlast rétt til greiðslu á þeirri

fjárhæð, sem hann greiddi Aðalbirni vegna fjárþrots Guðnýjar Höskuldsdóttur, úr hendi stefnda. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Rétt þykir, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 80.000 krónur.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sjóvá-Almennar hf., skal sýknaður vera af kröfum stefnanda, Lögmannafélags Íslands.

Stefnandi greiði stefnda 80.000 krónur í málskostnað.
